



Menntaskólinn á Ísafirði

Skýrsla um innra mat skólaárið 2020-2021

30. september 2021 / Matsteymi um innra mat tók saman

Efnisyfirlit

Matssamantekt.....	2
Inngangur	5
Kannanir og annað mat	7
Nýnemakönnun	7
Kennslukönnun á haustönn.....	8
Kennslukönnun á vorönn	9
Foreldrakönnun	10
Rýnihópar nemenda á vorönn.....	12
Sjálfsmat kennara	14
Tölulegar upplýsingar	15
Lokaorð.....	18
Heimildir	19
Viðauki.....	20

Matssamantekt

Nýnemakönnun

Matsspurning: Hver er upplifun nemenda á fyrsta ári af móttöku í skólann í upphafi annar, hver eru viðhorf þeirra til vinnuálags og breyttra aðstæðna í kjölfar skólalokana vegna Covid-19 og hver er upplifun þeirra af ýmsum þáttum skólastarfsins.

Aðferð: Rafræn spurningakönnun í INNU, með valkostaspurningum og opnum spurningum.

Helstu niðurstöður: Nemendum þótti móttaka í skólann á haustdögum góð en hefðu gjarnan viljað fá hefðbundnar móttökur án Covid-19 takmarkana. Nemendur nota Innu og Moodle mjög vel, 90% nemenda fer inn á Moodle á hverjum degi. Nemendum hefur gengið vel að tileinka sér notkun á Teams þar sem 92% nemenda segja að það gangi vel eða mjög vel.

Tillögur að umbótum: Huga þarf að líðan nemenda ef áfram verða takmarkanir á skólahaldi. Full ástæða er til að leita allra leiða til að nemendur geti mætt áfram í skólann miðað við þær reglur sem í gildi eru í það og það skiptið. Tryggja þarf að öllum nemendum takist að tileinka sér notkun á kennslukerfi skólans þegar um fjarkennslu er að ræða.

Kennslukönnun á haustönn

Matsspurning: Hvert er viðhorf nemenda til kennslunnar og vinnuálags í áföngum.

Aðferð: Rafræn spurningakönnun í INNU, með valkostaspurningum og opnum spurningum.

Helstu niðurstöður: Ríflega 400 svör bárust, um 69% voru dagskólanemendur og 31% fjarnemar. 77% nemenda telur vinnuálag hæfilegt, lítið eða mjög lítið. Í opnum svörum nemenda virtist stór hluti vera ánægður með kennsluna. Svörin voru einstaklingsbundin svo matsteymi um innra mat vann ekki sérstaklega úr svörunum heldur gerði hver kennari það fyrir sig.

Tillögur að umbótum: Kennarar fóru yfir svör í eigin áföngum og gátu nýtt þau til ígrundunar á kennsluna og til þess bregðast við og gera úrbætur í kjölfarið þar sem þess var þörf og gat orðið til gagns.

Kennslukönnun á vorönn

Matsspurning: Hvert er viðhorf nemenda til kennslunnar og vinnuálags í áföngum.

Aðferð: Rafræn spurningakönnun í INNU, með valkostaspurningum og opnum spurningum.

Helstu niðurstöður: Ríflega 560 svör bárust, um 74% voru dagskólanemendur og 26% fjarnemar. 78% nemenda telur vinnuálag hæfilegt, lítið eða mjög lítið. Í opnum svörum nemenda virtist stór hluti vera ánægður með kennsluna. Svörin voru einstaklingsbundin svo matsteymi um innra mat vann ekki sérstaklega úr svörunum heldur gerði hver kennari það fyrir sig.

Tillögur að umbótum: Kennarar fóru yfir svör í eigin áföngum og á starfsdögum að vori fóru þeir yfir niðurstöðurnar og unnu úr þeim eftir því sem þurfti.

Foreldrakönnun

Matsspurning: Hvert er viðhorf foreldra til ýmissa þátta í skólanum og utan hans?

Aðferð: Rafræn spurningakönnun í googledocs, með valkostaspurningum og opnum spurningum.

Helstu niðurstöður: Langflestir foreldrar eru ánægðir hvað varðar skólagöngu barna sinna í MÍ. Óánægja kom þó fram í svörum nokkurra vegna þess að upphafi skóladagsins hefur verið seinkað en kennslan byrjar nú kl. 9:00 á morgnana.

Tillögur að umbótum:

- Starfsmenn skólans þurfa að koma í veg fyrir einelti í MÍ og ræða vel við nemendurna um þetta mál.
- Starfsmenn MÍ eiga að svara hverju erindi frá foreldrum innan sólarhrings á virkum dögum. Ef svarið tekur af einhverjum ástæðum lengri tíma þá þurfum við alltaf að láta vita að við erum að vinna í málinu og hversu langan tíma það mun taka.
- Mikilvægt er að foreldrar nemenda 17 ára og yngri fái upplýsingar í byrjun skólaárs að í MÍ eru engin regluleg foreldrasamtöl eins og í grunnskóla heldur hefur umsjónarkennarinn samband ef eitthvað kemur upp.
- MÍ þarf að aðstoða nemendur sem búa ekki í nærsamfélaginu að mæta kl. 9:00 í skólann af því að einhverjir þurfa að koma til Ísafjarðar kl. 8:00 með rútu eða foreldrum og bíða svo í Gryfjunni í heilan klukkutíma. Í stjórn nemendaráðsins t.d. þyrfti að vera „samgöngufulltrúi“ sem skipuleggur betur að nemendur samnýta far til að mæta á réttum tíma í kennslu á morgnana.
- Í byrjun annarinnar eiga allir foreldrar að fá sendar stuttar leiðbeiningar um Moodle, eða á fundi fyrir foreldra nýnema fer fram kynning á Moodle.
- Nokkrir foreldrar hafa áhuga á að starfa í foreldrafélagi skólans eða að vera á foreldravakt á skemmtunum MÍ. Við þurfum að finna út hverjir þessir foreldrar eru sem kemur að sjálfsgöðu ekki fram í þessari nafnlausu könnun.
- Margir foreldrar hafa áhuga á foreldrafræðslu. Hér þarf að kanna og ákveða hverskonar fræðslu fyrir foreldra á að halda og hversu oft.

Rýnihópar nemenda

Matsspurning: Hver er upplifun nemenda af því að vera nemendur í MÍ

Aðferð: Rýnihópar. Fimm rýnihópar, einn af hverju ári bóknáms, einn úr verknámi og einn af starfsbraut. 4-7 nemendur í hverjum hópi.

Helstu niðurstöður: Upplifun nemenda af því að vera nemendur í MÍ er almennt góð, bæði af kennslu og þátttöku í skólasamfélaginu. Allnokkrar ábendingar bárust um þætti í skólastarfinu sem mættu betur fara og úr þeim eru unnar tillögur til úrbóta sem taldar eru upp hér að neðan.

Tillögur að umbótum:

- Benda þarf kennurum á að það sé gagnlegt að nemendur fái tækifæri til að tjá sig um kennslu og koma með ábendingar til kennara.
- Skoða þarf stundatöflu m.t.t. afreksæfinga og mætingar í tíma eftir æfingar.
- Ítreka þarf reglur um skil á einkunnum til nemenda.
- Auka þarf verklega og skapandi kennslu á starfsbraut.
- Kanna þarf möguleika á því að almenningssamgöngur í sveitarfélögunum komi til móts við skólabyrjun kl. 9.
- Auka þarf kennslu í notkun á Moodle til nemenda á fyrsta ári og jafnframt benda kennurum á að skoða stillingar á sjálfvirkum tilkynningum til nemenda sem sumar eru óþarfar.

- Samræma þarf betur tímasetningar verkefnaskila á Moodle sem og uppsetningu.
- Taka þarf til skoðunar hvernig best verður komið til móts við nemendur í bóknámi svo að þeir fái þjálfun í að taka próf.
- Taka þarf ákvörðun um hvernig umsjónarkennslu við viljum sjá við skólann og hrinda í framkvæmd.
- Skoða þarf verkefnaskil stórra verkefna og gæta þess að þau hlaðist ekki öll upp í sömu vikunni. Einnig þarf að gæta þess að verkefnaálag sé í samræmi við stærð áfangans.
- Hafa þarf í huga að hafa nemendur með í ráðum þegar keypt eru húsgögn eða annað sem ætlað er þeim. Þau eru t.d. almennt óánægð með nýju húsgögnin í Gryfjunni.

Tölulegar upplýsingar

Matsspurning: Hver er *brottfallsprósenta* veturinn 2020-2021?

Aðferð: Unnið úr upplýsingum úr INNU.

Helstu niðurstöður: Brottfall á haustönn var 7,72% og á vorönn 6,27%

Tillögur að umbótum: Fjarnemum og nemendum í lotubundnu dreifnámi hefur fjölgað mjög við skólann undanfarið. Nú eru nemendur í dagskóla um þriðjungur af heildar nemendafjölda skólans. Þar sem brottfalls hlutfall er að jafnaði talsvert meira í fjarnámi en staðnámi er óraunhæft að skólinn hafi það markmið að heildarbrottfall haldist undir 5%. Því er beint til stjórnenda að setja raunhæfara markmið um minnkað brottfall.

Inngangur

Menntaskólinn á Ísafirði var stofnaður 3. október 1970 sem bóknámsskóli með hefðbundnu bekkjarkerfi. Skólinn tók á sig núverandi mynd um 1990 þegar Menntaskólinn, lðnskóli Ísafjarðar (stofnaður 1905) og húsmæðraskólinn Ósk (stofnaður 1912) sameinuðust í einn skóla sem þar með tók upp kennslu í ýmsum verknámsgreinum auk bóknáms til stúdentsprófs. Árið 1995 var gerður samningur við sveitarfélögin á Vestfjörðum um stofnun Framhaldsskóla Vestfjarða og var skólinn starfræktur undir því heiti til ársins 2000 að samþykkt var að færa nafn hans til fyrra horfs. Menntaskólinn á Ísafirði hefur því endurheimt sitt upprunalega heiti, þó að starfsemi hans hafi mikið breyst frá því hann var stofnaður. Hann er nú fjölbrautarskóli með áfangakerfi þar sem boðið er upp á framhaldsskólabraut, lista- og nýsköpunarbraut, iðnnám, starfsbrautir og bóknám til stúdentsprófs. Starfsbraut fyrir fatlaða nemendur er starfrækt við skólann.

Við upphaf haustannar voru alls 459 nemendur skráðir í skólann. 214 voru í fjarnámi, 71 í dreifnámi og 174 í dagskóla. Þar af voru nýnemar 49. Brottfall á haustönn var 7,72%

Við upphaf vorannar voru alls 488 nemendur skráðir í skólann. 231 voru í fjarnámi, 103 í dreifnámi og 154 í dagskóla. Brottfall á vorönn var 6,27%

	Haustönn 2020	Vorönn 2021
Nemendur – alls	459	488
Kennarar	33	34
Brottfall	7,72	6,27
Brautskráðir	20	76

Tafla 1: Grunnupplýsingar um Menntaskólann á Ísafirði

Hlutverk, markmið og stefna

Menntaskólinn á Ísafirði er fjölbrautarskóli og starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92 frá 2008. Samkvæmt lögum um framhaldsskóla er hlutverk framhaldsskóla að stuðla að alhliða þroska allra nemenda, búa þá undir störf í atvinnulífinu og frekara nám, efla ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja þá til stöðugar þekkingarleitar.

Menntaskólinn á Ísafirði leitast við að bjóða upp á fjölbreytt nám þar sem bæði er tekið mið af þörfum einstaklings og samfélagsins. Skólinn á í samstarfi við Fjarmentaskólann til að auka fjölbreytni náms auk þess sem gott samstarf er við fyrirtæki á norðanverðum Vestfjörðum vegna verk- og starfsnáms. Þá er einnig samstarf við Fræðslumiðstöð Vestfjarða sérstaklega er varðar raunfærnimat og undirbúning eldri nemenda fyrir frekara nám í verk- og starfsgreinum.

Mí setur markmið til þriggja ára í stefnumiðaðri áætlun ríkisaðila. Markmiðin snúa að kjarnastarfsemi skólans (markmið A) og rekstri (markmið B). Markmiðin eru þessi:

A1: Minnkað brotthvarf nemenda við skólann

A2: Fjölga útskrifuðum úr starfs- og tækninámi

A3: Að auka gæði menntunar við skólann

B1: Draga úr umhverfisáhrifum

B2: Innleiðing gæðakerfis vegna gæðavottaðs verknáms

B3: Aukin starfsþróun og starfsánægja

Nánar má lesa um markmiðin og leiðir að þeim í ársskýrslu skólans fyrir árið 2020 sem finna má á heimasíðu skólans www.misa.is

Innra mat Menntaskólans á Ísafirði

Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008 kveða á um skyldur framhaldsskóla til að vinna að innra mati, og birta hagsmunaaðilum niðurstöður mats. Innra mat Menntaskólans á Ísafirði fer fram í samræmi við stefnu skólans um innra mat og útgefna áætlun um innra mat.

Innra mat skólaárið 2020-2021

Í matsteymi um innra mat skólaárið 2020-2021 sátu Hildur Halldórsdóttir, Guðjón Torfi Sigurðsson, Stefan Gunther og Margrét Björk Brynhildardóttir.

Stefnt er að því að matsverkefni og matsspurningar tengist þeim markmiðum skólans sem snúa að kennslu og námi. Kennslukannanir voru gerðar á báðum öðrum til að kennarar gætu rýnt í eigin kennslu og fengið ábendingar frá nemendum. Á vorönn var lögð könnun fyrir foreldra og forráðamenn nemenda til að fá fram viðhorf foreldra og forráðamanna til ýmissa þátta í skólanum og utan hans. Á haustönn var gerð könnun meðal nýnema skólans um námið og núna var sérstaklega skoðað hver áhrif skólalokana vegna Covid-19 væru. Á vorönn var rætt við rýnihópa nemenda um upplifun þeirra af námi og kennslu. M.a. var litið til þátta eins og áhrifa nemenda á kennsluna og upplifun þeirra af því að vera nemendur í MÍ. Niðurstöður úr könnuninni *Stofnun ársins* hafa undanfarin ár verið nýttar í skýrslu skólans um innra mat. Könnunin er vanalega lögð fyrir í febrúar ár hvert en var frestað á síðasta ári vegna Covid 19.

Kannanir og annað mat

Nýnemakönnun

Viðmið / væntingar um niðurstöðu

Tilgangur könnunarinnar var að fá upplýsingar um upplifun nemenda á fyrsta ári af móttöku í skólann í upphafi annar, viðhorfum þeirra til vinnuálags og breyttra aðstæðna í kjölfar skólalokana vegna Covid-19 og upplifun þeirra af ýmsum þáttum skólastarfsins. Könnunin er nokkuð frábrugðin könnunum síðustu ára þar sem sérstaklega var spurt um nokkra þættir varðandi breytingar á skólastarfi vegna Covid-19.

Aðferð við gagnaöflun

Könnunin var lögð fyrir nemendur, fædda 2004, sem hófu nám í Menntaskólanum á Ísafirði haustið 2020. Könnunin var lögð fyrir á INNU í áfanganum NÁSS1NN03. 39 nemendur svöruðu könnuninni 49% stelpur og 51% strákar. Enginn skilgreindi sem annað kyn. Svarhlutfallið var 83%.

Niðurstöður

Almennt fannst nýnemum móttaka í skólann á haustdögum góð eða mjög góð en í textasvörum kemur fram að mörg þeirra hefðu gjarnan viljað fá hefðbundnar móttökur án Covid-19 takmarkana. Þetta árið var engin nýnemaferð eða nýnemaball svo nemendur tóku eingöngu afstöðu til nýnemadags sem haldinn var 18. ágúst 2020. Nemendur nota Innu og Moodle mjög vel, 90% nemenda fer inn á Moodle á hverjum degi. Flestir segja að það gangi vel að vinna á Moodle, einungis 5% segja að það gangi illa. Einnig hefur nemendum gengið vel að tileinka sér notkun á Teams þar sem 92% nemenda segja að það gangi vel eða mjög vel að nota það.

Spurt var um vinnuálag fyrir og eftir Covid lokun. Fram kom að nemendur upplifðu meira vinnuálag eftir að námið færðist heim á Teams. 77% fannst vinnuálagið mátulegt fyrir covid lokun á meðan það hlutfall fór niður í 49% eftir covid lokun. 49% nemenda upplifa mikið eða allt of mikið vinnuálag eftir covid lokun á meðan sú tala var 24% fyrir covid lokun. 39% nemenda eyða 7 klukkustundum eða fleiri í heimanám eftir covid lokun á meðan það hlutfall fyrir covid lokun 13%.

Stór hluti nýnema vinnur með skólanum eða 63% og 66% nemenda stunda íþróttir, eru í listnámi, björgunarsveit eða öðru tómstundastarfi. 82% nemenda sefur meira en 6 klukkustundir á nóttunni og 97% nemenda eiga vini í MÍ. Varðandi líðan nemenda segja 73% nemenda að þeim líði vel eða mjög vel, 24% hvorki vel né illa og 3% að sér líði illa í skólanum. Þegar líðan nemenda er skoðuð eftir að námið færðist alfarið á Teams segja 33% nemenda að þeim líði vel eða mjög vel, 35% hvorki vel né illa og 18% að þeim líði illa. Það er því greinilegt að líðan nemenda hefur hrakað eftir að grípa þurfti til lokana vegna covid.

Í textasvörum fengu nemendur tækifæri til að svara hvað þeim finnst best/verst við covid lokun. Þar kom skýrt fram að nemendum finnst best að þurfa ekki að fara út og verst að geta ekki hitt samnemendur. Sumir nemendur tala um að þeir eigi erfiðara með að einbeita sér að náminu og finnst erfitt að halda utan um námið.

Tillögur um umbætur

Huga þarf vel að líðan nemenda ef áfram verða takmarkanir á skólahaldi. Það er greinilegt að það hefur mikil áhrif á þau að mega ekki mæta í skólann og full ástæða til að leita allra leiða til að svo megi verða miðað við þær reglur sem í gildi eru í það og það skiptið. Almennt hefur nemendum tekist vel upp með að tileinka sér notkun kennslukerfis skólans en tryggja þarf að svo eigi við um alla nemendur.

Kennslukönnun á haustönn

Viðmið / væntingar um niðurstöðu

Þessi könnun var lögð fyrir alla nemendur skólans, bæði í dagskóla og í fjarnámi, á haustönn 2020. Markmiðið var að finna út hvað gengi vel og líka að fá ábendingar hvað þarf að gera betur í kennslu hvers kennara. Niðurstöðurnar áttu þannig að styðja við aukin gæði kennslu við MÍ.

Aðferð við gagnaöflun

Könnunin var lögð fyrir rafrænt í Innu og var hún aðgengileg öllum nemendum skólans. Allir nemendur fengu hvatningu í tölvupósti um að taka þátt í könnuninni. Hvatningarpóstur var sendur út þrisvar sinnum á meðan könnunin var opin. Spurt var um hvað nemendum líkaði vel og hvað hefði betur mátt fara, hvort þau væru í dagskóla eða fjarnámi og hvernig þeim þætti vinnuálagið vera. Inna hentar vel til að leggja könnun af þessu tagi fyrir þar sem auðvelt er að leggja hana fyrir alla nemendur.

Niðurstöður

Ríflega 400 svör bárust við könnuninni, og af þeim sem svöruðu voru um 69% nemenda dagskólanemendur og 31% fjarnemar.

Mjög stór hluti svarenda (eða 77%) telur vinnuálag hæfilegt, lítið eða mjög lítið, sjá nánar á myndritinu hér að neðan.



Mynd 1. Vinnuálag að mati nemenda í áföngum á haustönn 2020

Í opnum svörum nemenda virtist stór hluti vera ánægður með kennsluna. Svörin voru einstaklingsbundin svo matsteymi um innra mat vann ekki sérstaklega úr svörunum heldur gerði hver kennari það fyrir sig.

Tillögur um umbætur

Kennarar fóru yfir svör í eigin áföngum og gátu nýtt þau til ígrundunar á kennsluna og til þess bregðast við og gera úrbætur í kjölfarið þar sem þess var þörf og gat orðið til gagns. Það er tillaga matsteymis að stjórnendur ræði niðurstöður kennslukannana í starfsmannasamtölum tvisvar á ári. Þannig fæst góð samræða um kennslu milli stjórnenda og kennara. Einnig er lagt til að kennarar á kennslusviðum fái tækifæri til þess að ræða niðurstöður kennslukannana á sviðsfundum.

Kennslukönnun á vorönn

Viðmið / væntingar um niðurstöðu

Þessi könnun var lögð fyrir alla nemendur skólans, bæði í dagskóla og í fjarnámi, á haustönn 2020. Markmiðið var að finna út hvað gengi vel og líka að fá ábendingar hvað þarf að gera betur í kennslu hvers kennara. Niðurstöðurnar áttu þannig að styðja við aukin gæði kennslu við MÍ.

Aðferð við gagnaöflun

Könnunin var lögð fyrir rafrænt í Innu og var hún aðgengileg öllum nemendum skólans. Allir nemendur fengu hvatningu í tölvupósti um að taka þátt í könnuninni. Hvatningarpóstur var sendur út þrisvar sinnum á meðan könnunin var opin. Spurt var um hvað nemendum líkaði vel og hvað hefði betur mátt fara, hvort þau væru í dagskóla eða fjarnámi og hvernig þeim þætti vinnuálagið vera. Inna hentar vel til að leggja könnun af þessu tagi fyrir þar sem auðvelt er að leggja hana fyrir alla nemendur.

Niðurstöður

Ríflega 560 svör bárust við könnuninni, og af þeim sem svöruðu voru um 74% nemenda dagskólanemendur og 26% fjarnemar.

Mjög stór hluti svarenda (eða 78%) telur vinnuálag hæfilegt, lítið eða mjög lítið, sjá nánar á myndritinu hér að neðan.



Mynd 2. Vinnuálag að mati nemenda á vorönn 2021

Í opnum svörum nemenda virtist stór hluti vera ánægður með kennsluna. Svörin voru einstaklingsbundin svo matsteymi um innra mat vann ekki sérstaklega úr svörum heldur gerði hver kennari það fyrir sig.

Tillögur um umbætur

Kennarar fóru yfir svör í eigin áföngum og gátu nýtt þau til ígrundunar á kennsluna og til þess bregðast við og gera úrbætur í kjölfarið þar sem þess var þörf og gat orðið til gagns. Það er tillaga matsteymis að stjórnendur ræði niðurstöður kennslukannana í starfsmannasamtölum tvisvar á ári. Þannig fæst góð samræða um kennslu milli stjórnenda og kennara. Einnig er lagt til að kennarar á kennslusviðum fái tækifæri til þess að ræða niðurstöður kennslukannana á sviðsfundum.

Foreldrakönnun

Viðmið / væntingar um niðurstöðu

Gott samstarf á milli starfsfólks MÍ og foreldra er mikilvægt til að tryggja árangursríka skólagöngu nemenda. Einnig sjá foreldrar nám barna sinna frá öðru sjónarhorni en starfsfólk skólans. Þessi foreldrakönnun átti að fá fram viðhorf foreldra til ýmissa þátta í skólanum og utan hans.

Aðferð við gagnaöflun

Á vorönn 2021 var foreldrakönnun búin til í googledocs, var send sem slóð á aðstandendalista dagskólanema í Innu og var svo opin í tvær vikur í apríl 2021. Þessi foreldrakönnun var send á 147 viðtakendur; 49 svör komu til baka sem er 33% svarhlutfall.

Þessi foreldrakönnun samanstendur af 22 spurningum í fimm liðum: „Líðan nemenda og hegðun“ (8 spurningar), „Þjónusta skólans og samskipti“ (5 spurningar), „Upplýsingagjöf til foreldra“ (4 spurningar), „Þátttaka foreldra, forvarnir og félagslíf“ (4 spurningar) og „Væntingar til skólans“ (1 spurning). Við 15 spurningar í fyrstu fjórum liðum höfðu foreldrar auk valmöguleika tækifæri til að skrifa eigin svör ef þeir vildu („Hefur þú ábendingar varðandi ... [þetta atriði]“). Síðasta spurningin í 5. liði var opin spurning án neinna valmöguleika. Þessar opnu spurningar voru hafðar með til að gefa þátttakendum tækifæri á að koma með ábendingar eða útskýra ákveðin atriði betur.

Sú aðferð að senda út viðhorfakönnun var notuð aðallega af praktískum ástæðum. Á þennan hátt er auðveldara að ná til stórs hóps og fá svör til baka á stuttum tíma.

Niðurstöður

Þessi foreldrakönnun sýnir að yfirgnæfandi meirihluti foreldra er mjög ánægður hvað varðar skólagöngu barna sinna við MÍ. Allar spurningar og öll svörin eru í viðauka í þessari skýrslu undir „Ítarlegar niðurstöður úr foreldrakönnun“.

Í opnum svörum komu frá fáum foreldrum einhverjir punktar fram sem þarf að bæta:

- Í tveimur svörum í spurningu 1b var skrifað að einelti er vandamál í skólanum. Önnur af þessum tveimur ábendingum nefnir sérstaklega að ekki allir nemendur eru velkomnir að sitja hvar þeir vilja í Gryfjunni.
- Athyglisvert er að nákvæmlega sami fjöldi af nemendum (rúmlega fjórðungur – 26,5%) er annars vegar ekki í neinum tómstundum og hins vegar ver 6 eða fleiri klukkustundir á dag í síma eða tölvu. Það kemur fram í spurningum 6b og 7. Þetta eru líklegast ekki 100% sömu nemendur, en samt kemur fram skýrt samhengi í þessum tveimur atriðum í foreldrakönnuninni.
- Í einu svari við spurningu 9b kom fram að erindi var vísað áfram til stjórnanda, en svo kom aldrei svar frá viðkomandi.
- Í tveimur svörum í spurningu 10b stendur að umsjónarkennarinn hefur haft lítið samband.
- Í átta (!) svörum í spurningu 13b kemur fram óánægja að upphafi skóladagsins hefur verið seinkað svo að kennslan í MÍ byrjar núna kl. 9:00 á morgnana og ekki lengur kl. 8:10.
- Í þremur svörum í 17b kemur fram að einhverjir foreldrar eru í vandræðum með að nota Moodle.
- Í spurningum 18a og 19 kemur fram að 12,2% foreldra hafa áhuga á að starfa í foreldrafélagi skólans og 55,1% hafa áhuga á að vera á foreldravakt á skemmtunum MÍ.
- 73,5% foreldra sem svöruðu spurningu 20a í þessari könnun og þar með næstum því þrír fjórðungar þeirra, hefur áhuga á að skólinn skipuleggi forvarnarfræðslu fyrir foreldrahópinn.
- Gagnrýnin sem kemur fram í spurningu 22 alveg í lokin snýst um vandamál sem Covid-ástandinu er um að kenna. Tvisvar sinnum er gagnrýnt að félagslífið gæti verið betra í MÍ og svo er einu sinni gagnrýnt að á haustönninni 2019 voru áfangar kenndir í fjarnámi fyrir nemendur á fyrsta ári. Þetta verður vonandi í eðlilegum farvegi þegar heimsfaraldri vegna Covid-19 lýkur.

Tillögur um umbætur

Starfsmenn skólans þurfa að vera vakandi og ræða vel við nemendurna um einelti og hvernig að koma í veg fyrir því.

Við ættum að senda foreldrum niðurstöðurnar úr spurningu í þessari könnun um samhengi á milli mikillar tölvu- og símanotkunar annars vegar og lélegrar tómstundariðkunar hins vegar. Þá vonandi hvetja einhverjir foreldrar börnin sín að taka þátt í skipulögðum tómstundum. Við kennararnir þurfum líka að ræða þetta mál í kennslu við nemendurna.

Við þurfum að setja okkur vinnureglur að svara hverjum tölvupósti innan sólarhrings á virkum dögum, og ef svarið tekur af einhverjum ástæðum lengri tíma þá ættum við alltaf að láta vita að við erum að vinna í málinu.

Varðandi samskipti við umsjónarkennarann er mikilvægt að foreldrar nemenda okkar fái tölvupóst sendan í byrjun skólaárs eða annarinnar þar sem fram kemur að í MÍ eru foreldrasamtöl ekki skipulögð með reglulegu millibili eins og í grunnskóla heldur hefur umsjónarkennarinn bara samband ef eitthvað kemur upp. Slíkar upplýsingar varðandi samskipti við umsjónarkennara – hvenær foreldrar geta búast við símtali eða tölvupósti frá umsjónarkennara – þarf að senda öllum foreldrum nemenda 17 ára og yngri. Foreldrarnir þurfa að átta sig á því að í MÍ er eðlilegt að umsjónarkennarinn hefur ekki samband við foreldra ef allt gengur vel.

Mest gagnrýnt í öllum svörum í þessari foreldrakönnun var að kennslan í MÍ byrjar kl. 9:00. Það sést ekki í tölfræðihringnum í spurningu 13 heldur í opnu svörum í 13b. Líklegasta skýringin á þessu misræmi á tölfræði og opnum svörum er að foreldrar nemenda sem búa nálægt skólanum (og þessir foreldrar eru í meirihluta) svöruðu hér að þeim finnst þetta fyrirkomulag ágætt, en foreldrar nemenda sem búa lengra í burtu eru ekki allir jafn ánægðir. Það sem kom helst fram hér er að einhverjir nemendur sem búa ekki í nærsamfélaginu þurfa að mæta kl. 8:00 af því að það er tíminn sem strætisvagnar fyrir nemendur sem búa fjær, koma í skólann. Eða að nemendurnir geta bara fengið far í skólann á þessum tíma. Við sjáum að á hverjum morgni sitja nemendur í Gryfjunni í MÍ í heilan klukkutíma fyrir kennslu af því að þeir mæta kl. 8:00. Hér þarf að kanna hvort skólinn eða nemendaráðið geta aðstoðað nemendur frá sömu byggðalögum að vera samferða á morgnana. T.d. væri hægt að tilnefna einhvern úr stjórn nemendaráðsins sem „samgöngufulltrúa“. Þannig gæti verið hægt að skipuleggja betur að nemendur samnýti farartæki til að mæta á réttum tíma í kennslu á morgnana. Einnig mætti gera tilraun til þess að fá sveitarfélögin á svæðinu til samtals um að bæta við ferð á morgnana sem hentar nemendum MÍ sem eiga að byrja í skólanum kl. 9.

Í byrjun annarinnar ættu allir foreldrar að fá sendar stuttar leiðbeiningar um Moodle. Kynning á foreldrafundi fyrir foreldra nýnema er hugsanlega ekki nægileg.

Til þess að ná í þessa foreldra sem hafa áhuga á að starfa í foreldrafélagi skólans þurfum við að finna út hver þau eru sem kemur að sjálfsögðu ekki fram í þessari nafnlausu foreldrakönnun. Þess vegna þurfum við að vera duglegri að vera í sambandi við foreldra.

Stjórnendur skólans þurfa að ákveða hvort bjóða eigi upp á forvarnarfræðslu fyrir forráðamenn t.d. einu sinni á önn og um hvaða efni og á hvern hátt slík fræðsla fer fram (t.d. fyrirlestur í skólanum eða senda út slóð á slíkan fyrirlestur á netinu eða láta foreldrana fá fræðsluefni eða gögn með tölvupósti).

Rýnihópar nemenda á vorönn

Markmiðið var að fá fram upplifun nemenda í dagskóla af því hvernig skóli MÍ væri og hvernig það væri að vera nemandi í honum. Eftirfarandi spurningarammi var notaður til að leiða samtölin áfram til þess að fá fram upplifun nemenda:

- Hver er ykkar upplifun af kennslunni?
- Hvernig er að vera nemandi í MÍ?
- Hvernig er félagslífið í MÍ?
- Hvert er ykkar álit á kennslufyrirkomulagi?
 - Stundataflan – tímasetningar o.fl.
 - Skipulag kennslu almennt (Moodle)
 - Upplýsingagjöf (frá kennurum/stjórnendum)
 - Námsmat
 - Umsjón
 - Áhrif nemenda á kennsluna
- Hvað er hægt að gera betur - er einhverju ofaukið?
- Annað sem þið viljið taka fram um skólastarfið?

Viðmið / væntingar um niðurstöðu

Væntingar voru til þess að fá fram gott samtali í rýnihópunum þar sem hægt væri að fara á dýptina varðandi upplifun nemenda af námi og kennslu í MÍ og hvernig það væri að vera nemandi í skólanum.

Aðferð við gagnaöflun

Rætt var við nemendur í fimm rýnihópum. Af fyrsta, öðru og þriðja ári bóknáms, af starfsbraut og úr verknámi. Kallað var eftir sjálfboðaliðum í hópana með tölvupósti sem sendur var út á alla nemendur í dagskóla. Miðað var við að fá 6-7 nemendur í hvern hóp sem tókst ekki í öllum tilfellum. Þá var haft beint samband við ákveðna nemendur sem samþykktu að taka þátt. Þannig tókst að fá a.m.k. 6 þátttakendur í hvern hóp en vegna forfalla tveggja nemenda urðu þátttakendur aðeins fjórir í rýnihópi verknámsnema. Hver hópur hittist í 50 mínútur í senn ásamt tveimur úr matsteyminu, Hildi og Margréti Björk.

Niðurstöður

Upplifun nemenda á kennslunni

Upplifun nemenda á kennslunni er almennt góð og langflest segja hana fína og eru ánægð. Meðal þess sem nemendum fannst jákvætt var þegar þau fengju að tjá sig um námsefnið og taka virkan þátt í tímum. Nemendum á fyrsta ári voru viðbrigði frá grunnskóla ofarlega í huga og nefndu m.a. að gott væri að fá að velja áfanga eftir áhuga og að auðvelt væri að skipuleggja sig. Nokkur atriði voru þó nefnd sem mætti bæta s.s. meiri sveigjanleiki í töflu vegna afreksæfinga, sveigjanleiki í verkefnaskilum og einkunnaskil mættu koma fyrir. Nemendur í verknámi sögðu að það færi stundum eftir dögum og hvort kennarinn væri í góðu skapi og áttu þá við bóknámskennara. Nemendur á starfsbraut nefndu að sumt í kennslu væri stressandi t.d. að þurfa að deila verkefnum með öðrum. Nemendur á starfsbraut vildu auk þess öll fá meiri verklega og skapandi kennslu.

Að vera nemandi í MÍ

Flest sögðust ánægð með að vera nemandi í skólanum og heildarupplifun þeirra af því virtist góð. Nefnt var að MÍ væri heimilislegur skóli og þar væri gott aðgengi að kennurum. Góður matur í mötuneyti var ofarlega í huga sumra nemenda og nokkrir töluðu um að gott væri að byrja með hreint blað þegar komið væri í skólann. Í þessu sambandi var rætt um félagslífið sem flest voru ánægð með þrátt fyrir að það hefði verið lítið síðustu þrjár annir vegna takmarkana af völdum Covid-19.

Nemendur voru ánægð með það sem þó hafði verið hægt að gera í félagslífi og segjast almennt taka þátt í því.

Álit nemenda á kennslufyrirkomulagi, s.s. stundatöflu, moodle, upplýsingagjöf, námsmat og umsjón

Varðandi **stundatöflu** þá voru allir nemendur á þeirri skoðun að gott væri að byrja kl. 9 nema nemendur á starfsbraut sem fannst það vera röskun á rútínu að hætta að byrja kl. 8.10. Nemendur á fyrsta ári lýstu þó vandræðum þeirra nemenda sem koma lengra að og þurfa vegna almenningssamgangna að mæta kl. 8 ef þeir fá ekki far seinna. En almenn ánægja var með seinkaða skólabyrjun og nemendur töldu að þeir fengju meiri svefn. Einnig kom fram ánægja með að kennslustundir væru 50 mínútur í stað 60.

Varðandi **Moodle** sögðu nemendur að það væri misjafnt eftir kennurum en flestir væru að skipuleggja það vel. Það var helst að það virtust ekki allir kennarar vera með einkunnabókina á hreinu, annað hvort notuðu hana ekki eða hafa hana ekki þannig stillta að meðaleinkunn reiknist út. Nemendum á fyrsta ári fannst mörgum ennþá erfitt að átta sig á Moodle og töluðu m.a. um að erfitt væri að átta sig á áfangaheitunum. Þessir nemendur kvörtuðu einnig yfir turnit-in, þar væri oft erfitt að átta sig á hvort maður væri búinn að skila og svo rugluðust þau á Moodle og INNU til að byrja með.

Aðspurð um **upplýsingagjöf** frá skólanum nefndu nemendur á fyrsta ári að ruglingslegt væri að fá póst bæði á einkanetfang og fvi netfang. Einnig að tölvupóstur frá kennurum væri stundum orðaður á flókinna hátt. Þeim þótti gott þegar kennarar sendu póst til að minna á próf eða verkefni og nauðsynlegt að þeir gerðu það ef þeir t.d. breyttu skiladegi. Þeim fannst óþarfi að fá sjálfvirkan póst þegar kennarar eru búnir að fara yfir verkefni. Í öllum hópunum nema starfsbraut vildu nemendur fá mikilvæg skilaboð í sms-um frekar en í tölvupósti. Starfsbrautarnemar sögðust allir skoða tölvupóstinn reglulega. Nemendur voru almennt á því að þeir væru ekki að drukkna í upplýsingaflæði frá kennurum og stjórnendum. Nemendur á þriðja ári bóknáms nefndu þó að það flækta málin að senda út bæði tölvupóst með texta upplýsingum og hafa svo líka smore link. Það væri tvíverknaður.

Námsmat

Í umræðum um **námsmat** komu fram ólík svör hjá verknámsnemum. Þar kom fram að nemendur voru ýmist hlyntir því að taka lokapróf, eða vildu það alls ekki. Einnig var stigsmunur á svörum nemenda í bóknámi eftir því á hvaða ári þau voru. Nemendur á fyrsta ári voru ánægð með að engin lokapróf væru í skólanum. Þau voru ánægð með leiðsagnarnám og fannst fínt að hafa hlutapróf og annað námsmat sem sýna hvernig nemendur standa yfir önnina. Nemendur á öðru ári voru sammála að þægilegt væri að hafa ekki lokapróf en nefndu þó að þau þyrftu þó að fá tækifæri til að æfa sig í próftöku. Nemendur á þriðja ári voru ánægð með leiðsagnarnám en fannst slæmt að fá ekki æfingu í að taka lokapróf sem þau telja mikilvægan þátt í undirbúningi fyrir háskólanám. Nemendur á starfsbraut voru ánægð með námsmat eins og það er og vilja alls ekki próf.

Umsjónarkennarakerfið

Nemendur á starfsbraut voru ánægð með **umsjónarkennarakerfið** eins og það snýr að þeim. Nemendum í öðrum hópum þótti umsjónarkerfi óljóst, vissu ekki hvað umsjónarkennarar gera nema í undantekningartilfellum. Þeim þótti þó flestum það vera mikilvægt að hafa umsjónarkennara sem sé ákveðið öryggisnet. Að hafa einhvern sem lætur vita ef eitthvað er að ganga illa og mætingin orðin léleg svo dæmi sé tekið.

Áhrif nemenda á kennsluna

Nemendur í öllum hópum sögðu það alveg fara eftir kennurum og áföngum hvort þau gætu haft einhver **áhrif á kennsluna**. Sumir kennarar kalla eftir skoðunum kennara. Aðrir gera það ekki, en flestir taka því ekki illa þegar nemendur koma með athugasemdir. En það fer líka eftir kennurum

hvort nemendur eru duglegir að gera það. Nemendur voru flestir á þeirri skoðun að það færi miklu skemmtilegra ef þau fá frelsi til að gera verkefnið á þann hátt sem þau vilja.

Hvað er hægt að gera betur í skólastarfinu – athugasemdir að lokum

Margt kom fram hjá nemendum þegar þau voru spurð um **hvað mætti betur fara í skólastarfinu**. Meðal þess sem var nefnt var að mála bóknámshús að innan, fá sófana aftur og losna við nýju húsgögnin a.m.k. að hluta. Tengt þessu var ábending um að ræða hefði þurft betur við nemendur um hvernig húsgögn voru keypt í Gryfjuna. Þá var nefnd bætt aðstaða fyrir háriðngreinar þar sem pláss er lítið og að bæta kaffistofu í verknámshúsi, þar sem margt vantar og húsgögn eru léleg. Nemar í verknámi sögðust ekki nýta sér sjoppu eða aðstöðu nemenda í Gryfjunni og í því sambandi var rætt um stríð á milli nemenda vegna yfirráða yfir borðum þar. Tillaga kom fram um íþróttabraut og bóklegir afrekstímar voru gagnrýndir. Ósk kom um kaffivél í Gryfjuna og kaldavatns krana þar. Einnig að hægt væri að kaupa matarmiða í nemendafélags sjoppunni. Nemendur á starfsbraut ítrekuðu ósk um fleiri tíma í skapandi greinum.

Tillögur um umbætur

Benda þarf kennurum á að það sé gagnlegt að nemendur fái tækifæri til að tjá sig um kennslu og koma með ábendingar til kennara. Skoða þarf stundatöflu m.t.t. afreksæfinga og mætingar í tíma eftir æfingar. Ítreka þarf reglur um skil á einkunnum til nemenda. Auka þarf verklega og skapandi kennslu á starfsbraut. Kanna þarf möguleika á því að almenningssamgöngur í sveitarfélögunum komi til móts við skólabyrjun kl. 9. Auka þarf kennslu í notkun á Moodle til nemenda á fyrsta ári og jafnframt benda kennurum að skoða stillingar á sjálfvirkum tilkynningum til nemenda sem sumar eru óþarfar. Taka þarf til skoðunar hvernig best verður komið til móts við nemendur í bóknámi svo að þeir fái þjálfun í að taka próf. Taka þarf ákvörðun um hvernig umsýðarkennslu við viljum sjá við skólann og hrinda í framkvæmd.

Sjálfsmat kennara

Á starfsdögum sl. vor var unnið með sjálfsamt kennara þar sem áhersla var lögð á að ígrunda eigið starf bæði út frá kennslukönnunum vorannar og einnig út frá fyrirlestri Pernille Ripp um valdeflingu nemenda. Matið fór þannig fram að kennarar horfðu á fyrirlestur frá Pernille þar sem fjallað var um valdeflingu nemenda og mikilvægi þess að þau hafi rödd í skólastarfinu. Í kjölfarið ígrunduðu kennarar eigið starf og var notuð aðferðin 1 – 2 – 4 þar sem kennarar svöruðu eftirfarandi spurningum:

- Myndir þú vilja vera nemandi í þínum bekk?
- Hvort fá nemendur þínir oftast að heyra af mistökum sínum eða möguleikum?
- Hvernig geta nemendur haft áhrif á kennsluna?
- Hvað heldur þú að nemendur segi þér að gera ef þú myndir biðja þau um aðstoð eða ábendingar við að verða betri kennari?

Stjórnendur svöruðu einnig nokkrum spurningum:

- Myndir þú vilja vera kennari í þínum skóla?
- Hvernig geta kennarar haft áhrif á skólastarfið og eigin starfsþróun?
- Hvað heldur þú að kennarar segi þér að gera ef þú myndir biðja þá um aðstoð eða ábendingar við að verða betri stjórnandi?

Að lokinni umræðu í hópum fengu kennarar tækifæri til að skoða niðurstöður kennslukannana og unnu úr þeim út frá eftirfarandi spurningum:

- Hvað get ég lært af ábendingum nemenda?

- Hvar var gott og hvað má betur fara að mati nemenda?
- Hvað get ég gert til að fá betri svörun (ef þarf)?
- Er eitthvað annað sem við ættum að spyrja nemendur um, hvað viljum við vita?

Niðurstöður þessarar vinnu var skilað til nefndarinnar. Í lokin var varpað fram 8 spurningum frá Ingva Hrannari Ómarssyni sem kennarar voru hvattir til að svara hver fyrir sig og ígrunda hvort einhvers staðar séu tækifæri til að gera góða kennslu enn betri.

Almennt voru kennarar ánægðir með þessa vinnu og telur nefndin mikilvægt að sjálfsmat kennara verði fastur liður í innra mati skólans.

Tölulegar upplýsingar

Viðmið / væntingar um niðurstöður

Stefna skólans hefur undanfarin ár verið að minnka brottfall og er viðmiðið að það haldist undir 5%. Unnið hefur verið með ýmsar sértækar aðgerðir til að sporna við brottfalli og námsráðgjöf og stuðningur við nemendur hefur verið markvisst aukin. Reynt er að ná til þeirra nemenda sem taldir eru í mestri hættu á að hverfa frá námi eða ná ekki að ljúka þeim einingum sem þau eru skráð í.

Aðferð við gagnaöflun

Upplýsingar um brottfall eru fengnar úr nemendaumsjónarkerfinu INNU en þar er hægt að kalla fram fjölda eininga sem nemendur eru skráðir í við upphaf hvernar annar og þann einingafjölda sem lokið er. Út frá þeim gögnum er brottfallsprósenta reiknuð fyrir hverja önn.

Upplýsingar um viðveru nemenda eru fengnar úr nemendaumsjónarkerfinu INNU. Skoðuð er viðvera nemenda í dagskóla.

Niðurstöður

Brottfall

Brottfallið haustið 2020 var 7,72% og 6,27% vorið 2021. Ljóst er að ekki tókst á skólaárinu 2020-2021 að vera undir þeim viðmiðum um brotthvarf sem stefnt var að.

Í töflu 2 má sjá tölur um brottfall í MÍ s.l. 4 frá haustönn 2017 til vorannar 2021. Á aðeins tveimur önnum af átta hefur brottfallsprósenta verið undir, eða alveg við þau 5% viðmiðunarmörk sem stefnt hefur verið að.

	HAUST 2017	VOR 2018	HAUST 2018	VOR 2019	HAUST 2019	VOR 2020	HAUST 2020	VOR 2021
%	3,1	8,7	7,3	10,9	8,3	9,9	7,72	6,27

Tafla 2: Brottfallsprósenta frá haustönn 2017 til vorannar 2021.

Mæting

Fylgst er með mætingum og fjarveru nemenda yfir skólaárið. Frá vorönn 2020 er unnið samkvæmt ákveðnu verklagi um viðbrögð og eftirfylgni með mætingum jafnt og þétt yfir hverja önn. Nemendur fá viðvaranir ef mætingin nálgast eða er komin undir 85% viðmið. Nánar má lesa um eftirfylgni við mætingar nemenda í [verklagsreglu – VER-0058 í gæðahandbók skólans](#). Auk þess að fylgjast stöðugt með skólasókn nemenda og grípa fljótt inn í ef merki eru um óeðlilega miklar fjarvistir þá er hér

samantekt í töflu 3. Þar má sjá hlutfallslega skiptingu mætinga, veikinda, seinkomu, leyfa og óútskýrðra fjarvista á skólaárinu 2020-2021.

	HAUST 2020	VOR 2021
Mæting	68%	71%
Veikindi	2%	3%
Of seint	1%	2%
Leyfi	2%	4%
Óútskýrð fjarvera	17%	18%


Tafla 3: Viðveruskráning nemenda á skólaárinu 2020-2021.

Námsárangur

Á árunum 2008-2018 var einkunnadreifing skoðuð með reglubundnum hætti og fjallað um niðurstöður í skýrslu um innra mat. Hér er skoðuð einkunnadreifing fyrir haustönn og vorönn 2020-2021 og sjá má dreifinguna á mynd 3 og 4 hér fyrir neðan. Dreifing einkunna á þessum önnum líkist hefðbundinni hliðraðri normalkúrfu. Dreifingin á haustönn 2020 og vorönn 2021 er nokkuð áþekk. Þó eru nokkuð fleiri nemendur sem fá einkunnirnar 6 og 7 á haustönn 2020 en á vorönn 2021 eru fleiri nemendur sem fá einkunnirnar 8 og 9. Fylgst er með námsgengi nemenda með lotumati tvisvar á önn og með lokamati í lok hverrar annar. Frá vorönn 2020 er fylgt verklagi um eftirfylgni með lotumati og lokamati sem lýst er í [verklagsreglu VER-0058](#) og er útgefið í gæðahandbók skólans.



Mynd 3: Einkunnadreifing á haustönn 2020.



Mynd 4: Einkunnadreifing á vortönn 2021.

Tillögur um umbætur

Undanfarin nokkur misseri hefur fjarnemum og nemendum í lotubundnu dreifnámi fjölgað mjög við skólann. Nú er svo komið að nemendur í dagskóla eru tæpur þriðjungur af heildar nemendafjölda skólans. Þar sem brottfalls hlutfall er að jafnaði talsvert meira í fjarnámi en staðnámi er óraunhæft að skólinn hafi það markmið að heildar brottfall haldist undir 5%. Því er beint til stjórnenda að setja raunhæfara markmið um minnkað brottfall.

Vegna ýmissa ytri aðstæðna er óvarlegt að álykta of mikið um mætingar og fjarveru nemenda í dagskóla síðastliði skóla ár. Matsteymi um innra mat leggur áherslu á að áfram verði unnið út frá verklagi um eftirfylgni við mætingar nemenda í dagskóla sem samþykkt var á vorönn 2020.

Niðurstöður einkunnadreifingar á haustönn og vorönn eru birtar hér í skýrslunni. Ekki er mikill munur á einkunnum eftir önnum og skoðun á eldri gögnum sýna ekki miklar breytingar. Áfram verður fylgst með einkunnum nemenda sem hluta af innra mati. Matsteymi um innra mat leggur auk þess á það áherslu að áfram verði fylgt verklagi um eftirfylgni með lotumati og lokamati.

Lokaorð

Vinna matsteymis á skólaárinu 2020-2021 var unnin samkvæmt vinnulagi sem kemur fram í gæðaskjölum sem tengjast innra mati skólans og voru gefin út árið 2019. Áætlun um innra mat næstu fjögurra ára hefur verið sett fram.

Skýrsla þessi var ásamt ýmsum gögnum sem gæðaráð undir forystu gæðastjóra lagði fram, lögð til grundvallar í rýni stjórnenda í lok maí 2021. Með því formlega ferli fæst góður vettvangur til að huga að þeim umbótum sem lagðar eru fram tillögur um hér á eftir.

Tillögur að umbótum	Rökstuðningur (t.d. vísun í niðurstöður viðkomandi matsverkefnis)
Huga þarf að líðan nemenda ef koma til takmarkanir á skólastarfi líkt og síðustu tvo vetur. Í þessu sambandi þarf einnig að tryggja þarf að allir nemendur nái að tileinka sér notkun kennslukerfis skólans.	Niðurstöður úr nýnemakönnun benda til þess að líðan nemenda hafi versnað á meðan á skólalokun stóð. Einnig náðu ekki allir nemendur að tileinka sér notkun á kennslukerfi skólans.
Lagt er til að stjórnendur ræði niðurstöður kennslukannana í starfsmannasamtölum tvisvar á ári. Einnig að kennarar fái tækifæri til að ræða niðurstöður kennslukannana á kennslusviðum.	Niðurstöður kennslukannana og vinna matsteymis um innra mat í kjölfarið. Með þessu fæst góð samræða um kennslu á milli stjórnenda og kennara og einnig inni á kennslusviðum.
Kanna þarf möguleika á því að almenningssamgöngur í sveitarfélögunum komi til móts við skólabyrjun kl. 9 í MÍ.	Niðurstöður foreldrakönnunar bendir m.a. til þess að skortur á samgöngum á tíma sem hentar skólabyrjun í MÍ geri seinkun á skóladegi ekki eins markvissa og annars væri. Þetta kom einnig fram í rýni hópum nemenda.
Hvetja þarf kennara til að gefa nemendum tækifæri til að tjá sig um kennslu og koma með ábendingar til kennara.	Þetta kom skýrt fram í rýnihópum nemenda.
Auka þarf kennslu í notkun á Moodle til nemenda á fyrsta ári og einnig til foreldra nemenda sem eru að byrja í skólanum.	Ósk um þetta kom fram í foreldrakönnun og í rýnihópum nemenda.
Því er beint til stjórnenda að skipuleggja sem fyrst hvernig umsjón við nemendur skal háttað í skólanum og hrinda verklagi í framkvæmd.	Niðurstöður rýnihópa nemenda benda til þess að meiri umsjónar sé þörf við nemendur, sérstaklega á fyrsta ári.

Heimildir

Gæðahandbók MÍ. (2021). Sótt þann 10. september 2021 af <https://quality.ccq.cloud/publishDocument/zv6o6MqsrfwpbwBbB>


Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008. Sótt þann 10. september af <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008092.html>

Aðalnámskrá framhaldsskóla: Almennur hluti. Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). Reykjavík. Sótt þann 10. september 2021 af https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/adalnamskra_frsk_2_utg_breyt_2015.pdf


Viðauki

Ítarlegar niðurstöður úr foreldrakönnun

Barnið mitt er
49 svör



1a) Barninu mínu líður vel í skólanum.
49 svör



1b) Hefur þú ábendingar varðandi liðan barnsins í skólanum?

8 svör

Finnst leiðinlegt hvernig hver grúbba á borðin í grífunni og ekki allir velkomnir að sitja þar

Nei

Já

Eingöngu að barni liður ágætlega

Já


Nei barni liður vel

Einelti þrífst innan skólans.

nei

2a) Barninu mínu gengur vel í skólanum

49 svör



- Mjög sammála
- Frekar sammála
- Frekar ósammála
- Mjög ósammála
- Á ekki við / veit ekki

2b) Hefur þú ábendingar varðandi gengi barnsins í skólanum?

6 svör

Gengur mjög vel mætti vera meira samtal á milli kennara með stór skilaverkefni

Já

Barni gengur ekki vel að mæta í skólann


Já

Nei

já

3a) Hvernig finnst þér vinnuálagið í skólanum vera?

49 svör



3b) Hefur þú ábendingar varðandi vinnuálagið í skólanum?

7 svör

Mjög gott engin lokapróf

Mætti vera meiri metnaður og þar undir heimaverkefni sem myndi undirbúa börnin t.d. betur fyrir háskólanám.

Já

Engar ábendingar


Já frá mínu barni

Nei

Stundum koma tímar þar sem er mikið um skil en yfirleitt nokkuð jafnt

4a) Hversu mörgum klukkustundum ver barnið þitt í heimanám á viku, að jafnaði?

49 svör



4b) Hefur þú ábendingar varðandi heimanám barnsins?

7 svör

Já

Er mjög vinnusöm og tekur heldur mikið að sér

Það er lítið


Mætti verja lengri tíma við heimalærdóm

Nei

Hann lærir heima en ég veit ekki hversu margar klukkustundir á viku.


5) Hversu margar klukkustundir vinnur barnið þitt með námi?

49 svör




6a) Tekur barnið þitt þátt í tómstundum utan skóla?

49 svör




6b) Hversu mörgum stundum ver barnið þitt í tómstundaiðkun á viku, að meðaltali?

49 svör




7) Hversu mörgum stundum ver barnið þitt í tölvu eða síma daglega, að meðaltali?

49 svör




8) Hversu mikið sefur barnið þitt á nóttunni, að meðaltali?

49 svör



9a) Ef þú hefur haft samband við skólann vegna barns þíns vinsamlega merktu við þann aðila sem þú hefur haft samband við.

49 svör



9b) Hefur þú ábendingar varðandi samskipti þín við ofangreinda aðila?

7 svör

Nei

Já


Ég hef verið sátt/ur við samskipti mín við skóla

Nei góð samskipti við skólann

Erindi í tölvupósti var vísað áfram til stjórnanda en það kom aldrei svar fra viðkomandi.

10a) Ég er ánægð/ur með þjónustu skólans - s.s. umsjón, náms- og starfsráðgjöf, skrifstofu, bókasafn, mötuneyti.

49 svör



10b) Hefur þú ábendingar varðandi þjónustu skólans - s.s. umsjón, náms- og starfsráðgjöf, skrifstofu, bókasafn, mötuneyti?

8 svör

Nei allir sem hefur verið leitað til eru mjög samvinnuþýðir

Undarlega lítil samskipti frá umsjónarkennara.

Já

Nei

nei


Nei allt gott

Upplýsingaflæði er almennt afar gott

eg hef engin samskipti við umsjónarkennara og nemandinn ekki heldur. Þegar eitthvað hefur verið höfum við leitað til námsráðgjafa eða stjórnenda

11a) Samskipti barns míns við kennara eru góð.

49 svör



11b) Hefur þú ábendingar varðandi samskipti barnsins við kennara?

6 svör

Nei

Barnið hvarta mikið undan einum kennara


Já

nei

Nei samskipti eru góð

12a) Skólinn stendur sig vel í aðgerðum sínum tengdum Covid-faraldrinum.

49 svör



12b) Hefur þú ábendingar varðandi aðgerðir skólans tengdum Covid-faraldrinum?

7 svör

Nei

Þyrfti að passa betur upp á grímunotkunn þegar vinahópar sitja saman í gryfjunni

Eina sem mér fannst að það var lokunin hún skemdi fyrir mörgum


Já

nei

Það væri hægt að nýta enn fleiri leiðir til þess að virkja nemendur á tímum heimaskóla. Passa upp á að þau taki þátt í tímum.

13a) Hvað finnst þér um að kennslan hefjist kl. 9:00?

49 svör



13b) Hefur þú ábendingar um það fyrirkomulag að kennslan hefjist kl. 9:00?

11 svör

Hentar mjög illa þegar samnýta þarf ferðir í skólann

Skiftir litlu fyrir nemendur sem hafa bílpróf og hafa bíl til umráða, en yngri nemendur eiga erfiðara með að nýta áætlunarferðir frá Bolungarvík, þar sem áætlun fer kl. 07:40 frá Bolungarvík og þá er nokkur bíð þar til kennsla hefst.

Hentar mjög illa fyrir nemendur sem búa ekki í nálægð við skólann og eru ekki með bíl eða bílpróf, þau þurfa að mæta kl.8 og hanga þangað til skólinn byrjar.

Sofnar seinna á kvöldin,.

Já

Ég tel að það myndi henta mínu barni betur ef kennslan myndi hefjast kl. 09:00

var nærsamfélagið haft með í ráðum, hvað með strætó, litlu staðina, fjörðinn og Hnífsdal. Það eru ekki allir með bílpróf, eiga ekki bíla og þurfa að reiða sig á samgöngur.

Nei


tel að skóli ætti að hefjast klukkan átta að morgni

Það á að byrja klukkan 8

Það er fjölskylduvænna að allir séu að fara út á sama tíma á morgnanna

14a) Hvernig finnst þér upplýsingaflæðið frá skólanum?

49 svör



14b) Hefur þú ábendingar varðandi upplýsingaflæðið frá skólanum?

5 svör

Er gott upplýsingaflæði frá skóla og ekkert sem þarf að bíða eftir

Já


Nei

nei

Nei

15a) Lotumat tvisvar á önn gefur mér góða mynd af námslegri stöðu barnsins míns.

49 svör



15b) Hefur þú ábendingar varðandi lotumat?

8 svör

Nei

Mjög gott að geta fylgst með framgangi námsins

Nauðsynlegt að hafa tvisvar á önn, þá er hægt að grípa inn í námsframbindu sem stefnir í óefni.

Já


nei

Mætti koma slíkt mat oftar yfir önnina.

Stundum svolítið ruglingslegt og rangar upplýsingar koma inn í upphafi. En ekkert alvarlegt.


16) Hversu oft fylgist þú með mætingu á Innu?

49 svör



17a) Hversu oft ferð þú inná námsvefinn Moodle?

49 svör



17b) Hefur þú ábendingar varðandi námsvefinn Moodle?

9 svör

Nei

Mjög ruglingslegt þegar barnið eru í mörgum skólum á moodle

mætti senda foreldrum upplýsingar hvernig vefurinn virkar.

Já


Vissi ekki að ég hefði aðgang að moodle, vissi bara um innu

Bara mjög gott að hafa aðgang og geta fylgst með

ég aðstoða nemandann við heimanámið að minnsta kosti einu sinni í viku svo ég sé oft inn á moodle hjá honum

18a) Hefur þú sem foreldri áhuga á að starfa í foreldrafélagi skólans?

49 svör



18b) Hefur þú ábendingar varðandi foreldrafélag skólans?

5 svör


Nei

Hvaða foreldrafélag?

Varðandi spurningu 19. Ef barnið mitt mun hafa áhuga á að fara á skemmtanir gæti ég hugsað mér að vera á foreldravakt. En hingað til hefur ýmist ekki verið áhugi eða engar skemmtanir verið.


19) Hefur þú sem foreldri áhuga á að vera á foreldravakt á skemmtunum Mí?

49 svör



20a) Hefur þú áhuga á að skólinn skipuleggi forvarnarfræðslu fyrir foreldrahópinn?

49 svör



20b) Hefur þú ábendingar varðandi forvarnarfræðslu fyrir foreldrahópinn?

6 svör

Já

Nei kannski ekki, en ég tel að hún þurfi að vera

Hef ekki fengið neina


Nei

Myndi nýta slíkt ef ég teldi þörf á því.

nei

21a) Ertu sátt/ur við þá forvarnarfræðslu sem nemendur fá í skólanum?

49 svör



21b) Hefur þú ábendingar varðandi þá forvarnarfræðslu sem nemendur fá í skólanum?

10 svör

Nei

Veit ekki til þess að það hafi verið neitt þannig þennan veturinn

Ég hreinlega veit ekki mikið um að hún hafi verið á dagskrá, forvarnarfræðslan

Veit ekki hvaða fræðslu þau hafa fengið og get ekki svarað já eða nei

Veit ekki hvernig forvarnarfræðslan er

Ég þekki hana ekki vel.

Verð að viðurkenna að ég er ekki nægilega upplýstur um þetta til að geta metið. Setti samt já í svar 21a.

Veit ekki til þess að barnið hafi fengið forvarnarfræðslu

nei

22) Hvaða væntingar hafðir þú til skólans þegar barnið þitt hóf nám og hvernig telur þú að skólinn hafi staðið undir þeim væntingum?

25 svör

Var ekki með ákveðnar væntingar en er mjög sátt við það sem þar fer fram.

Að barninu líði vel og það hefur gengið eftir

Skólinn hefur gefið mínu barni allt sem það þarf nema of mikil hópamyndun sem hleypir ekki inn nýjum andlitum og krakkar sem ekki áttu sterkan vinahóp í grunnskóla komast illa inn í hópana sem eru í skólanum

Að kennslan væri góð og að barnið mitt sinnti náminu vel. Þegar barnið mitt sinnti náminu ekki eins vel og þurfti, kom skólinn með góðar ábendingar og leiðir til að styðja barnið til að taka sig á í náminu. Vel gert, takk fyrir.

Góðar væntingar

Þekki til skólans þar sem eldir börnin mín hafa öll verið þar og verið sátt

Úff

Þroskist sem einstaklingur og skerpi hugmyndir sínar um hvað hún vilji taka sér fyrir hendur að námi loknu. Undirbúi sig fyrir frekara nám, læri námstækni, ábyrgð og góð vinnubrögð og temji sér metnað.

Hafði litlar væntingar eftir Grunnskólagöngu en er farin að hafa miklar væntingar og það er vel haldið utan um börnin

Vonaðist eftir meira félagslífi.

Ég hafði þær væntingar að barnið mynd fræðast og þroskast á leið sinni til manns

Já og nei, ekki sátt við að það séu áfangar í fjarnámi hjá 1. árs nemum þegar þeir eru í dagskóla. Við hefðum vilja fá nýnemaforeldrafund þó að það væri covid. Alveg verið hægt að hafa það í fjarfundi eða í minni hópum. Ekki sátt við að skólionn byrji kl. 09.00. Ánægð með náms- og starfsráðgjöfina og gott að leita til hennar. Gott að leita til kennara ef þess gerist þörf.

Að barninu líði vel og gæti fengið viðeigandi menntun. Já, að miklu leyti.

Vel

Að barninu líði vel andlega í námi. Gengur vel.

Að barninu líði vel og fengi sömu möguleika og aðrir nemendur.

Ég vænti þess að skólinn búi barnið undir áframhaldandi nám eða hvað það sem því dettur í hug að leggja fyrir sig í framtíðinni. Ég held að skólinn hafi staðið ágætlega undir þeim væntingum en finnst þó lítið hafa reynt á það enn sem komið er.

Hafði bara heyrt gott eitt um skólann og vænti þess að svo verði áfram.

Að skólinn sinni sínu hlutverk vel og hann hefur gert það.

Skólinn hefur staðið undir væntingum, en tímarnir hafa verið skrátnir vegna COVID

Ég vænti þess að hann fengi góðan grunn til áframhaldandi náms í háskóla og að honum líði vel í skólanum. Var einnig að vonast til að félagslegi þátturinn yrði ræktur í ríkari mæli en auðvitað hefur Covid haft áhrif á það.

Að barninu líði vel og fengi góða umsjón, fjölbreytta kennslu, sem hefur gengið eftir.

Að barninu líði vel og námið væri áhugavert. Sumir skylduáfangar eru greinilega ekki að höfða til áhuga unglingsins, spurning hvernig hægt er að mæta nemendum þannig að áhuginn kvikni. Annars tel ég allt í góðu.

Byður upp á nám sem hentar barninu sem hefur staðið undir væntingum.

sæmilega

